

## **56. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudagdaginn 8. október 2008, kl. 16:30.**

Formaður bæjarráðs, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

---

### **Dagskrá:**

- 1. Fundargerðir:**
    - a) **SSNV 16. ársþing haldið á Siglufirði 19.-20. september 2008**
    - b) **Brunavarna A-Hún frá 22. september 2008**
  - 2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008**
  - 3. Erindi frá SSNV dags. 30. september 2008**
  - 4. Skólavist utan lögheimilissveitarfélags**
  - 5. Húsnæðismál**
  - 6. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2008**
  - 7. Önnur mál**
- 

### **Afgreiðslur:**

- 1. Fundargerðir:**
  - a) **SSNV 16. ársþing haldið á Siglufirði 19.-20. september 2008**  
*Lögð fram til kynningar*
  - b) **Brunavarna A-Hún frá 22. september 2008**  
*Lögð fram til kynningar*
- 2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008**  
*Valgerður Hilmarsdóttir, fjármálastjóri Blönduóssbæjar, mætti á fundinn til kynningar á endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2008.*  
  
*Bæjarstjóri fór yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun 2008.*  
  
*Bæjarráð samþykkir að vísa endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2008 til bæjarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu.*
- 3. Erindi frá SSNV dags. 30. september 2008**  
*Til stendur að halda atvinnulífssýningu Húnavatnssýslna í Reykjavík í febrúar á næsta ári. Verkefnið gengur út á að fyrirtæki og stofnanir úr héraðinu fái tækifæri til að kynna vörur sínar og þjónustu. Óskað er eftir styrk til verkefnisins.*  
  
*Bæjarstjóra falið að styrkja verkefnið.*
- 4. Skólavist utan lögheimilissveitarfélags**  
*Fært í trúnaðarbók*

## **5. Húsnæðismál**

*Bæjarstjóri upplýsti að ekki hafi borist tilboð í Skúlabraut 41. Bæjarráð samþykkir að taka íbúðina úr sölumeðferð og samþykkir að leigja út Skúlabraut 41.*

*Bæjarráð hafnar erindi Valdimars Emilssonar um kaup á Hnjúkabyggð 27 2D þar sem ekki er áhugi að selja íbúðir í Hnjúkabyggð 27 eins og sakir standa.*

## **6. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2008**

*Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2008 verður haldinn föstudaginn 17. október n.k.*

*Bæjarstjóri sækir fundinn.*

## **7. Önnur mál**

*Engin önnur mál.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 18:05*

*Arnar Þór Sævarsson(sign.)*

*Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)*

*Valgarður Hilmarsson(sign.)*

*Kári Kárason(sign.)*

*Áheyrnarfulltrúi:*

*Valdimar Guðmannsson(sign.)*